



Mennta- og barnamálaráðuneytið
Samráðsgátt mál nr. 92/2022

Reykjavík 08. júní 2022

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um drög að breytingu á reglugerð um starfsumhverfi leikskóla, nr. 655/2009.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um drög að breytingu á reglugerð um starfsumhverfi leikskóla, nr. 655/2009.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boðið að senda inn umsögn um breytingu á reglugerð um starfsumhverfi leikskóla, nr. 655/2009.

Eins og fram kemur í greinagerð í samráðsgátt sem fylgir drögum að breytingu á reglugerðinni er fyrst og fremst um að ræða ákvæði um ákvörðunarvald. Barnaheill fagna því að umræða sé á meðal sveitarfélaga og/eða annarra rekstraraðila leikskóla um starfsumhverfi þeirra. Háværar raddir hafa verið á meðal starfsfólks leikskóla um mikilvægi þess að endurskoða starfsumhverfi leikskóla, m.a. með tilliti til hávaða, barnafjölda og fleiri þátta sem áhrif hafa á líðan bæði barnanna sjálfa og starfsfólks skólanna.

Með skýrara ákvæði um vald sveitarfélaga og rekstraraðila annars vegar og leikskólastjóra hins vegar hvetja Barnaheill til þess að tekin verði heildstæð umræða um ákjósanlegan barnafjölda, stærð leikrýmis fyrir hvert barn, hávaðamörk og aðra þætti sem hafa mikil áhrif á vellíðan og velferð barna. Allar ákvarðanir sem varða börn ber að taka í samræmi við það sem þeim er fyrir bestu að loknu mati á áhrifum ákvarðana.

Barnaheill hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og leggja áherslu á að hvert barn á sjálfstæðan rétt til að njóta allra réttinda sem Barnasáttmálinn kveður á um, þ.m.t. bestu mögulegu heilsuverndar, verndar gegn ofbeldi, til öryggis og menntunar.